

Heimsókn ráðgjafa á deildirnar sjö fór fram í febrúar 23. Tilgangurinn var annars vegar að fylgjast með kennsluháttum á deildum leikskólans þ.m.t. hvaða verkefni er boðið upp á og hvernig þau fara fram þ.e. með kennslu og aðstæðum til náms. Hins vegar er hlustað eftir samskiptum barna og kennara, hlustað er eftir raddbeitingu og raddblæ í kennslunni, horft á staðsetningu kennara og fylgst með viðmóti þeirra.

Kennsluhættir

Sterkir þættir: Góðir kennsluhætti eins og gott flæði í leik barnanna. Börnin fá að velja sér ýmiskonar leikefni og leikfélaga. Jafnframt vakti athygli að kennarinn hélt athygli barnanna með að beita lesrödd og spjalli um hvað væri á sjá á myndum bókarinnar. Hann útskýrði og ræddi við hópinn. Einnig vakti athygli að tveir drengir lögðust á magann á meðan á samveru stóð. Að mínu mati er mjög jákvætt að börnin fái að vera í þeirri stellingu sem þeim þykir best. Það að liggja á maga á gólfi með hönd undir kinn þjálfar einnig bakvöðva barnanna – sem er mjög þarft í þeirri setmenningu sem við bjóðum almennt upp á.

Ábendingar um það sem má betur má fara: Mikilvægt að minnka áreiti í sambandi við tónlist. Að nýta ekki tónlist sem „undirleik“ við leik og starf barna. Æskilegt að minnka notkun lpaíð í söng- og samverustundum til þess að ræða um hugtök orða og fleira.

Í sambandi við samskipti barna og kennara, rödd og raddblæ kennara.

Sterkir þættir: Kennarar voru í öllum tilvikum með börnunum í leikjum, hvort heldur sem var á gólfi eða við borð. Mikil nálægð og snerting. Full athygli á leikjum og samskiptum barnanna. Staðsetning kennara var undantekningarlaust á leiksvæði barnanna. Gleði og áhugi skein, bæði úr augum barna og kennara. Samskipti sem ráðgjafi varð vitni að var til fyrirmyndar. Kennarar beittu rödd sinni til að laða fram samstarfsvilja hjá börnunum, til að vekja athygli þeirra eða viðhalda athygli og forvitni þeirra.

Ábendingar um það sem má betur má fara: Athygli vakti að meðan börn voru í leik í innra herbergi sat kennari við dyrnar og fylgdist með. Kennarinn var þannig óvirkur þátttakandi í leiknum. Ég vil hvetja ykkur til, í þeim tilvikum sem hægt er, að vera til taks í leik barnanna. Ekki er endilega krafa um að þið séuð beinir þátttakendur í leiknum, en þegar börnin eru í leik er mikilvægt að kennari vegi og meta leikinn, fylgist með hvað sé í gangi og af hverju, hvernig sé umhverfið að styðja við leikinn o.s.frv.